



# Blandarabrandarar

*(die Mixerwitze)*



« Norrænar bókmenntir IV »

eftir Eirík Örn Norðdahl



Reykjavík 2005

*Blandarabrandarar*  
© Eiríkur Örn Norðdahl 2005

Útgefandi:  
Nýhil

Bókin er sú fjórða í bókaflakki Nýhils  
«Norrænar bókmenntir»

Prentun:  
Prentsmiðjan Oddi  
Myndskreyting kápu:  
Kristín Eiríksdóttir og Örvar Þóreyjarsón Smárason  
Uppsetning kápu:  
Haukur Már Helgason  
Umbrot:  
Viðar Þorsteinsson

Umsjón með útgáfu Norrænna bókmennta:  
Viðar Þorsteinsson og Þór Steinarsson

ISBN 9979-9715-3-3

*Hlátur minn er kurrið í kólibrífugli.*

*Hann lýsir kátínu minni.*

*Á Nazca sléttum Suður Perú  
hjuggu indíánar út svo stóran kólibrífugl  
að hann er einungis hægt að greina  
úr flugvél.*



## **Kardinálinn var svo áhugasamur um Norrænar bókmenntir**

Í ár er mest fjallað um Norrænar bókmenntir.

Eftir áramótin verður síðan áhersla lögð á Norrænar bókmenntir.

Skáld sem leggja metnað sinn í að yrkja eins og hin eina sanna ættjörð þeirra sé fornar Norrænar bókmenntir.

Þar í landi hafa Norrænar bókmenntir hafið innreið nútímans í Norrænar bókmenntir.

Af því að þar eru Norrænar bókmenntir.

Þar má nálgast Norrænar bókmenntir, fjölmargar greinar um Norrænar bókmenntir, leggja út af kuldalum í umfjöllun sinni um Norrænar Bókmenntir.

Hann drakk í sig Norrænar bókmenntir og vísindi; nýjar Norrænar bókmenntir, Norrænar bókmenntir sem tengjast hafinu.

Dugnaðarverðlaun Soffíu frænku eru veitt þeim sem duglegastur er að lesa Norrænar bókmenntir

## Naglasúpa I

Merjið ostarúlluna með gaffli!  
Merjið hvítlauksrifin!  
Merjið einiberin!  
Merjið vínberin!  
Merjið jarðarberin!  
Merjið tómata!  
Merjið aspasinn!  
Merjið hina fátæku!  
Merjið þá vel!  
Merjið, lemjið, kremjið og mölvið!  
Merjið bananana!  
Merjið kartöflurnar!  
Merjið garðablóðbergið!  
Merjið mintulaufin!  
Merjið sítrónugrasið!  
Merjið ávextina!  
Merjið kóríanderfræin!  
Merjið kókosbollurnar!  
Merjið brauðraspið!  
Merjið allt saman!



## Vitnað í Ngin Tom

mínum sólskinið  
mánans og guð

og ég og minnar

og renna drúpandi  
og ókunna lagður

eins og einskis

minn á  
og sökku

mín  
sem og hringsins

í og meðan  
eins þínu  
meðan og í

og eins  
djúpi sandurinn  
sjöstirndum og vatn  
og hinna vængjum  
blóðþyrstra minni hugans

og mín mitt  
og yfir veiða  
í vatnsbláan eirlitum  
og í um  
og þakskeggi  
og til hálfis  
  
og brott flýgur

## Naglasúpa II

Saxið laukinn!  
Saxið rauðlaukinn!  
Saxið hvítlaukinn!  
Saxið skalottlaukinn!  
Saxið basilikum!  
Saxið Gamlanaut!  
Saxið í mauk!  
Saxið ananasinn!  
Saxið sveppina!  
Saxið dillið!  
Saxið paprikuna!  
Saxið hneturnar!  
Saxið nautakjötið!  
Saxið beikonið!  
Saxið möndlurnar!  
Saxið döðlurnar!  
Saxið sveskjurnar og fíkjurnar!  
Saxið niður plönturnar!  
Saxið kryddjurtirnar!  
Saxið agúrkuna!  
Saxið súkkulaðið!  
Saxið grænmetið!  
Saxið kexið!  
Saxið villigæsalifrína og svínaskinkuna!  
Saxið laxinn!  
Saxið ólífurnar og valhneturnar!

## Hnoða blóm

Í yfir við sál vatnið koma berst sprengir og var þak-  
skeggi ég sólskinið mánans flýjandi um minni hvíta  
og rignir vatninu blysmöskvum hugsanir og eins mín  
falla hinna fjarlægðarinnar brotnar veiða hönd fljóts-  
ins meðan til vængjum og vatnið tollir út og guð  
hrapandi myrkur myrkrið nei gegnum draumur eins  
mín mín inn nætur brott yfir alls mín steini vara hið  
sofa hverfleikans kemur blóm tunglskin hálfnætur  
reist kona verðandinnar sem þess rautt haf þögn  
máluð er ljós til inn um runni moldbrúnum upp  
koma sofa veglaust grunnsævi á nekt nálægð vængja  
bláu inn teygði náttstað fellur í og úr fljótsins og sorg  
nóttin minn sandinum mér sólskinið engri gljásvalt  
hyldjúpt og vatnið spor daga og hringvötn eins grænn  
og sem ljósi í blóm hjá alda og rís haf tvílitt til þín  
ég í rautt þínum óséðra holspeglum til ljósi henti  
tíminn í stjarnmenn auga sólin djúpfiski eins mína í  
og haf eins eins eins líf í vatnsbláan þurrðar og renna  
neind djúpt og djúpi mín upphafsstaf síðhærðu þinn  
vötn mín fuglar sem rennur hnoða blóm þínu málm-  
gerðan ekkert sem og hló minn gleði efans og blátt  
búin nafnlausir sé tálblátt nær sá yfir um mjúkum  
eins ljós ég fleti mínum og eilífðarinnar er koma sínu  
skóm rauðgula á í raf fylgir guð vængbláar regn gegn-  
um hvolfpak himinninn neikvæða tíminn þinna  
svefnhiminn og þín vatnið sem flaug hinna flýgur  
dökkbrýnda og guð eins kemur hinnar eins nýskotn-  
ir fellur grænum lagður mínar milli mín gráhvítum  
fjallið til og á í baka hafið eins tíminn drúpandi eftir  
upp og á háls sefur kemur firðblátt mín eins breytt-  
ist höndum er hugans himni og meðan auga dul-  
kvikri stóð er sólvængjuð og mitt eins fjallið ég sem  
minnar vængjum er eins gengið við gangandi risti á  
og dul kringlótt hvarf og týnd til gróið andlit sandi

myrkrið daga eins hin veiðir týnir fugl sprengja ljósi sandurinn drauma ljós dagar trega faðmi í nálægð veglaust og var sinn hið og fundi hinn sorg af í hvít kvöldsins ég hönd vitund hverfa undir mín vex teningum hönd liðna ljósgult trú blómið rauðanótt eld undir í allt stormurinn engil þytur eins báru og naglblá mér handan þáfjalli sólin sjálfs er bakdyr hins og hönd vökvi svaf um sitt og eirlitum meðan kyrrt fjarlægju sem sín og minn hvítan flýgur gegn sorgar rönd sökkur og yfir meðan grasi eins er og veginum á hafinu glæru net grannvaxin var regn tár á eins keilunnar svipur inn bláfextar þögn og býr og og dó sá falin höfuð hönd við djúpið ós mínar tvítugu úr blóm í og út að blær í á inn brennandi glitraði eins rökkvaða andlit höfuð mynd svaf eins er mun sólskinið mín í upp blóðjárnaðir kalk blævængjuðu límkenndur ég í dagseldur hlátri jörð fer fjórvíðra gagnsæjum mér dauðans á gekk eins dimmblátt í veiða og sólhvítu ókunna og nótt nafnlaus frá þín gler hvíta í þroskað þína fjallið kyrrstæðum undan óvæða gulum saga og játun og haf einskis í skóm maurildum út efnis steinninn blóðþyrstra djúpt óslokk- ið hamingju eins fljúga sem yfir í í vara þytur og ax var falla tíminn koma og móts og ég vex sefur inn og samhljóm gullnum og gagnsæjum og einskis vitund dauðans mín hugsun vindinn ást vegg sólin hornréttum og kaldan sólskinið gult til í ég í múrvegg þungan eins tímans átt kalt hraðans gulum fjarlægð vatn gekk mínum sem eins hlaðið margvængjaður syfjuð eins hef hestar sinn stóð hendur tár rennur míns viðnámi glóði mig hvítu sjálfs grunlaust en undir hins net mannstjörnur sjálfs brennheitt hringsins eins mitt kvöldsnið í vindinn bylgjandi að á og smámynt og og daga ég rödd auga sólskinið af úr sjöstirndum allt fugl flýgur ótta mér var vitund fyrsta kring og í og

**Haukur Már Helgason: Bregður hnífi á háls  
sjónvarpsmanns**

– Fréttablaðið 22. október

Bara gys og glens  
í hressari kantinum  
en nú er öldin önnur.

**Dóplistamaðurinn sýknaður**

– DV 25. október

Aftur á netið  
í undirheimum Íslands  
og baráttunni.

**Fagnaðir þú kvennafrídeginum?**

– DV 26. október

Að upplifa mig  
betri í minnihluta  
fannst mér yndislegt.

### **Elfiheimilin næsta skrefið**

– Fréttablaðið 25. október

Kúbönsk öll í Köln  
halda hefðbundna dagskrá  
klippa saman andskotann.

### **„Ég er saklaus“**

– DV 6. október

Lítill fótur var  
handtekinn í Reykjavík.  
Var ekki saklaus.

### **Þróunarlönd að drukkna í tölvuúrgangi**

– Fréttablaðið 26. október

Digital rusl ról;  
misnotkunar ástandið  
á Vesturlöndum.

### **BT kaupir Skímó**

– DV 21. október

Einar Bárðarson,  
ferlega spes, svífst einskis,  
látlaust í baráttunni.

### **Vinnusöm með beittan húmor**

– Fréttablaðið 21. október

Smash, Retro, Deres,  
Karen Millen og Eva:  
Gallerí Sautján.

### **Sómi vill gleypa Júmbó**

– DV 13. október

Alfreð hyggst gleypa  
um tólf þúsund samlokur  
sem verjast í lengstu lög.



## **Dýrasti einkaþjálfarinn kostar 45 þúsund á mánuði**

– DV 30. september

Menntun í reynslu,  
verð fer eftir líkama.  
Fimmfaldur ávinningur.

## **Unglingar og kynlíf í Fólki með Sirrý**

– DV 19. október

Skemmtilegt kynlíf,  
einlægni í sjónvarpssal.  
Ræða málin í sex ár.

## **„Það er forresten óbærilegt líf“**

– DV 20. október

Glopótt höfuðlausn  
og dekurdukkur örlög;  
níðstöng ríks hégómleika.

## **Abramovich hagnast um 820 milljarða**

– Fréttablaðið 30. september

Átta hundruð og  
tuttugu milljarðar af  
íslenskum krónum.

## **Að fá að vera flugdólgur í friði**

– DV 17. október

Hellti úr skálum,  
tók síðan að flugdólgast  
við Viggó og fjölmiðla.

## **Svolítið skrítið að skora ekki**

– Fréttablaðið 21. október

Fann ekki neitt mark,  
náði ekki að skora.  
Og það er hið besta mál.

## **Naglasúpa III**

Brytjið melónuna!  
Brytjið egginn!  
Brytjið spergilinn!  
Brytjið pylsurnar!  
Brytjið krókantið!  
Brytjið smjörið!  
Brytjið eplin!  
Brytjið kaldan kjúklinginn!  
Brytjið rabarbarann!  
Brytjið kjötið!  
Brytjið próteinstykkið!  
Brytjið brauðið!  
Brytjið kornflexið!  
Brytjið ólífurnar!  
Brytjið rjómasúkkulaðið og marsið!  
Brytjið suðusúkkulaðið!  
Brytjið núggatið!  
Brytjið Camembert-ostinn!  
Brytjið after eightið!  
Brytjið Dala-Yrjuna!

## **hvort sé rétt að leika Guð í þessu máli**

I

hvort fóstur sé með Downs-heilkenni  
og hvort ekki sé verjandi að mæta og sjá liðið  
orma sig út úr þeirri þælingu

hvort æskilegt sé að fá mat trúnaðarlæknis  
og hvort sé ekki betra þá að vera á bótum

hvort rétt sé að fjölmiðlar birti hitt og þetta  
og hvort sé verið að lýsa því hvernig hlutirnir  
sjálfir séu

hvort Barnaland sé að taka æruna af fólki  
og hvort hægt sé að fullnægja slíkum  
dauðadómi

hvort sé maður með eða á móti manni  
og hvort sé betur fallið til að stjórna  
samfélaginu

hvort sé matar nokkuð  
og hvort sé mæta nokkuð

hvort ég sé of feit eða ekki  
og hvort sé um að ræða lærða hegðun

hvort sé alvarlegra að höggva tré til  
timburframleiðslu eða troða það til dauða

og hvort pizzan sé ekki örugglega dauð

hvort þvag sé í bleiu

og hvort nægur hemlavökvi sé á forðabúrinu

hvort sé dýrara eigið fé eða skuldir

og hvort sé skæðara agnið

II

hvort trú sé trúleysi

og hvort sé hræðilegra

hvort Guð sé til

og hvort sé eitthvert mark takandi á honum

hafi hann einhvern tíma verið til

hvort sé við hæfi að breyta textum

ritningarinnar

og hvort þetta sé ekki bara Fjórða Sálmaþók

hvort sé verið að velta vöngum yfir hvernig

hugsunarháttur manna í den sé inntakið

og hvort sé í raun vænlegra til mannlegrar

farsældar

hvort hér sé verið að leggja nafn Drottins Guðs

við hégóma

og hvort það sé í eintölu eða fleirtölu

hvort um vísindi sé að ræða ef tæknin virkar  
og hvort sé hann Kristur

hvort samkeppni sé í öllum tilvikum  
fullnægjandi  
og hvort ekki sé ráð að líta nánar á fantasíuna

hvort sé hæna  
og hvort sé egg

III

hvort ríkjandi skólakerfi sé yfirleitt í stakk  
og hvort það sé lánshæft hjá LÍN

hvort sé rabatt fyrir stúdínur  
og hvort ekki sé eðlilegt að halda miðilsfundi í  
opinberum skólum

hvort sé skynsamlegra að kenna eitthvað í öllu  
en ekkert sérlega vel  
og hvort um lesblindu sé að ræða

hvort réttara sé að kenna ákveðna hluti vel  
og hvort sé verra, glæpir eða heimska

## IV

hvort sé nær lagi að kalla Hugsjónadrusluna  
misheppnaða  
og hvort einhverju sé ábótavant

hvort sé hægt að redda þessu  
og hvort sé verið að rífast eða halda uppi  
eðlilegum tjáskiptum

hvort Danmerkurdraumurinn sé að snúast upp í  
martröð  
og hvort þörf sé á endurskoðun samkeppnislaga

hvort hver mitt sé skrifað  
og hvort rétt sé að leggja til hliðar verðleiðrétt  
reikningsskil

hvort sé hægt að vera barn á ný eftir að hafa  
verið hermaður  
og hvort sérstakur fyrirvari sé nauðsynlegur

hvort sé verið að þjóna hagsmunum örfárra aðila  
og hvort hægt sé að kenna fólki að veita  
framúrskarandi þjónustu

hvort sé veröldin skáldskapur eða skáldskapur  
hrein blekking  
og hvort sé merkari list

hvort ástæða sé til að drösla draugum fortíðar  
inn í nýja og gerbreytta veröld  
og hvort sé yfirleitt raunhæft fyrir alþýðuna að  
taka völdin

hvort að það sé kostur sem Dalvíkingum líst  
betur á  
og hvort sé betra að vera með öllu hugsjónalaus

V

hvort sé siðferðilega rétt að leyfa fóstureyðingar  
og hvort sé einhver leið til baka

hvort sé rétt og hvort sé rangt  
og hvort sé verra

hvort sé betra að hugsa um lest eða taka léttan  
strætó  
og hvort sé rétt

hvort um tauga- eða sinaskaða sé að ræða  
og hvort sé ekki allt í lagi

hvort hægt sé að mynda peptíð með lífvirkni úr  
kolmunna  
og hvort nokkuð sé vandfarið með það



hvort sé siðferðislega réttlætanlegt að drepa hvali  
og hvort sé sniðugra/hagstæðara

hvort setning sé afleiðing af frumsetningunum  
og hvort sé verið að tala allt í kaf með  
yfirgengilegum kjaftangangi

hvort sé líf á öðrum hnöttum  
og hvort sé vænlegra

hvort pepsi eða kók sé betra  
og hvort sé betra við hverju

hvort sé réttara tappastrumpari eða  
strumpatogari  
og hvort sé verra af tvennu illu

hvort mikilvægt sé að fjalla um samkynhneigð  
og hvort ginsenósíð sé hið virka efni ginsengs

hvort sé réttara að bera giftingarhringinn á vinstri  
eða hægri baugfingri  
og hvort málið sé til athugunar

hvort sé orsök eða afleiðing  
og hvort sé betra eða verra

hvort sé dagur eða nótt  
og hvort sé blekking

hvort hann sé á réttri leið í partýinu  
og hvort hún sé hvolpafull eða ekki

## **Naglasúpa IV**

Rífið lambhagasalatið!

Rífið börkinn!

Rífið kálið!

Rífið parmesan-ostinn!

Rífið kúrbítinn!

Rífið engiferinn!

Rífið, rífið allt niður til grunna!

Rífið Rífið Rífið Rífið Rífið Rífið!

Rífið silkipappírinn!

Rífið saltfiskinn!

Rífið sítrónuhýðið!

Rífið marsípanið!

Rífið síupappírinn!

Rífið gulræturnar!

Rífið hana!

Rífið engiferrótina!  
Rífið þynnuna!  
Rífið handriðin!  
Rífið klæði yðar!  
Rífið rafeindirnar!  
Rífið tímíanið!  
Rífið goudaostinn!  
Rífið eggjabakkann!  
Rífið kjaft!  
Rífið múskatið!  
Rífið hýðið!  
Rífið jarðsveppina!  
Rífið kalkúnaafgangana!  
Rífið ísbergsalatið!  
Rífið vöðvana!  
Rífið niður heimsveldið!  
Rífið ykkur upp úr þessum  
sápukúludraumórum!

## til þess er það varðar [sic]

hvað varðar not á innfluttu erfðæfni  
*varðandi álver í Helguvík*  
hvað varðar dioxíninnihald í frétt  
*varðandi kynlíf og barneignir*  
hvað varðar framleiðslu á frystum bolfiskflökum  
*varðandi þá aðstoð sem konunni stendur til boða*  
hvað varðar lengd, breidd og þykkt  
*varðandi innflytjendur + tollamál + tölfræði*  
hvað varðar greiðslu fyrir veitta þjónustu  
*varðandi útstreymi kófnunarefnisoxíða*  
hvað varðar að hafa löng orð sem er vanalegt í  
íslensku  
*varðandi vatnsgæði í ESB*  
hvað varðar félagafrelsi, tjáningarfrelsi og  
persónufrelsi  
*varðandi kaffi*  
hvað varðar refsí- og endurhæfingarúrræði  
*varðandi áfallahjálp*  
hvað varðar öflun sjálfbóðaliða  
*varðandi hugverkaréttindi*  
hvað varðar smíði hnakka  
*varðandi sólvarnarefni*  
hvað varðar tengslin við umhverfi sitt  
*varðandi hönnun ef við á*  
hvað varðar dönsku kirkjuna  
*varðandi orðin: „bráðger börn“*  
hvað varðar forvarnir  
*varðandi norræna umhverfismerkingu á vörur*

hvað varðar fullyrðingu um að ekki sé heimild  
til frádráttar

*varðandi svefn á meðan önnur eins og leita í  
óreiðuna*

hvað varðar verð á öðrum fisktegundum og

gildistíma úrskurðar er fallist á kröfur

*varðandi aðlögun ungra barna með sérþarfir*

hvað varðar áhrif á lífríki í sjó

*varðandi stefnumótun fánleg!*

hvað varðar að útvega túlka og þýðendur

*varðandi viðhald grafarstæða*

hvað varðar kyn eða kyngervi

*varðandi helstu áhættuþætti*

hvað varðar fyrirætlanir um byggingu moskna

*varðandi sláturaðstöðu*

hvað varðar vigt á heyi

*varðandi lögmæti vinnslu persónuupplýsinga*

hvað varðar listrænar afurðir og kostnað við að

koma þeim á markað

*varðandi mjólkurframleiðslu*

hvað varðar bann við reykingum á opinberum

stöðum

*varðandi mat á Norðurmjólk*

hvað varðar sögulega reynslu, pólitískar og

hernaðarlegar hefðir

*varðandi kaupverð á Norðurmjólk*

hvað varðar afturvirkni þá er ljóst

*varðandi mat á umhverfisáhrifum*

hvað varðar jafnræðisregluna, þá sé ég ekki að  
hún sé brotin  
*varðandi andófshreyfinguna gegn hnattvæðingu*  
hvað varðar framkvæmd, ábyrgð og viðeigandi  
þjargir til að tryggja heim þar sem fólk lifir án  
skorts og ótta  
*varðandi Írak*  
hvað varðar svigrúm til að auka aðhald þar sem  
fjárfestingar á vegum ríkisins eru  
*varðandi vexti mjög svipaða*  
hvað varðar hlutfall af landi með því að fella  
helming  
*varðandi gjafsókn*  
hvað varðar þýðingu aðildarríkja á hugtakinu  
„jafngildi“  
*varðandi FOCAL lausnir og Lotus Notes*  
hvað varðar tegundir og vistgerðir  
*varðandi viðskiptahætti við miðlun váttrygginga*  
hvað varðar tegundir og vistgerðir  
*varðandi notkunarleiðbeiningar*  
hvað varðar jarðminjar, lífríki, vatnafar  
*varðandi Kirkjudaga*  
hvað varðar væntanlega leigu á jörðinni Vestri  
Dyrhólum  
*varðandi aflamarksbáta*  
hvað varðar auðlindir í jörðu almennt  
*varðandi fíkniefni*  
hvað varðar verðbólgu þróun næsta árs  
*varðandi sölu félagslegra eignaríbúða*

hvað varðar eldri börn á forskólaaldri þá telja  
Welsh og Pennington  
*varðandi upplýsingatækni á sviði sérkennslu*  
hvað varðar fjarskipti og gagnavinnslu  
*varðandi alþjóðlegu réttlætishreyfinguna*  
hvað varðar uppbyggingu vöðvamassa  
*varðandi kynþáttafordóma og útlendingahatur*  
hvað varðar mataræði til lengri tíma  
*varðandi kynþáttafordóma og nasisma*  
hvað varðar innra skipulag, form og  
áfangaskiptingu  
*varðandi spam-varnirnar*  
hvað varðar menntunarpólítík skólans  
*varðandi sektir að finna í ársskýrslum*  
*ríkislögreglustjórans*  
hvað varðar stöðu konunnar innan  
hjónabandsins og höfuðföt kvenna  
*varðandi íhluti á hjólinu*  
hvað varðar ölvun og óspektir  
*varðandi kynbótasýningar*  
hvað varðar fólk en aflífa þurfti hest  
*varðandi umsóknir um einkaleyfi*  
hvað varðar fjölskyldur og ástvini sjúklinga  
*varðandi aðgengi og þátttöku almennings*  
hvað varðar að fá saklausa notendur huga til að  
lesa sig  
*varðandi loftræstisamstæður*  
hvað varðar innviði flugvéla er allt annað upp á  
teningnum



*varðandi þarfagreiningu fyrir rafræn  
skjalastjórnarkerfi*

*hvað varðar okkur um þær þekkingarfræðilegu  
slagsíður*

*varðandi mikilvægi þess að tengja saman þrjá*

*hvað varðar afleiðingar sem val á tækjum*

*varðandi skráningar á Sumarhátíð UÍA*

*hvað varðar þær reglur og þann ramma*

*varðandi demparana þá er ég sammála*

*hvað varðar skattlagningu arðs*

*varðandi deiliskipulag Kaupúns*

*hvað varðar starfsemi Tívolí UK í Hafnarfirði*

*varðandi greiðsluvanda og glötuð veð*

*hvað varðar kröfur um arðgjöf*

*varðandi karatetæknir og hugtök*

*hvað varðar lokaskýrslu um Cessna 210 slysið*

*varðandi snemmskoðanir í meðgöngu*

*hvað varðar eðlisfræðilega eiginleika*

*varðandi félagslega heimaþjónustu á Akranesi*

*hvað varðar rétt starfsmanna vegna óvinnufærni*

*varðandi sölumennsku innan veggja skólans*

*hvað varðar staðsetningu og dýpi það sem dælt  
er niður á*

*varðandi orðadæmi*

*hvað varðar aðkomu annarra fyrirtækja á  
markaðinn*

*varðandi einingaskipti*

*hvað varðar hinn listræna þátt þá er mikilvægt að  
foreldrar hlúi að slíku*

*varðandi veiðibúnað hafbeitarstöðva*  
hvað varðar sætaskipan á þinginu  
*varðandi flúornotkun*  
hvað varðar lögun, liti og séreinkenni  
*varðandi leiki, hópa og annað sem varðar*  
*getraunir*  
hvað varðar fyrirbyggjandi aðgerðir gegn átökum  
og lausnir deilumála  
*varðandi a)-lið kærunnar eins og hún var*  
*afmörkuð*  
hvað varðar húsnæðismál sífjölgaði hóps  
nýbúa  
*varðandi efnaskiptasjúkdóma*  
hvað varðar fækkun þeirra sem ekki gátu svarað  
vegna tungumálaörðugleika  
*varðandi kaup á stýrivélaefni*  
hvað varðar hugbúnað er að sjálfsögðu forrit  
eins og Office 2001  
*varðandi heimild til öflunar tilboða*  
hvað varðar peningana í körfuboltanum held ég  
að þeir séu ekkert gríðarlegir  
*varðandi tilboð í vinnsluborani í Öndverðarnesi*  
hvað varðar jafnrétti kynjanna  
*varðandi ályktun og opið bréf Atla Bollasonar*  
hvað varðar viðhorf til barna  
*varðandi starfsemi ríkisendurskoðunar*  
hvað varðar jafnrétti kynjanna  
*varðandi tilteknar landbúnaðarvörur*  
hvað varðar skemmtilegheit og frumleika

*varðandi tannvernd*  
hvað varðar yfirlýstar myndir  
*varðandi eldsneytismál*  
hvað varðar málfærni á Íslensku  
*varðandi þetta t.d. „góugróður“*  
hvað varðar berkla á okkar tímum  
*varðandi Oslóar- og Parísarsamninginn*  
hvað varðar umferðarhraða, ölvunarakstur og  
réttindaleysisakstur  
*varðandi sama efni og erindi Akralands*  
hvað varðar starfsumhverfi þá fór Landsvirkjun  
ekki varhluta af þeim óróa  
*varðandi stöðu á vinnu við friðlýsingu við*  
*Urriðavatn*  
hvað varðar líf skjör í heiminum  
*varðandi nýtingu svonefndrar Heimavistar*  
hvað varðar gangtegundir og fjölbreytileika í  
litum  
*varðandi fermingarathöfnina*  
hvað varðar tilgang  
*varðandi afnám dauðarefsinga*  
hvað varðar forsjá barna og framfærslu  
*varðandi lagningu á heitu vatni*  
hvað varðar einhæfni í atvinnu!  
*varðandi fund með Skipulagsstofnun*  
hvað varðar fólksflutninga  
*varðandi frumathuganir fyrir snjóflóðavarnir í*  
*Kubba*  
hvað varðar kjör önnur en laun

*varðandi hárvöxt*

*hvað varðar aðgengi að búningsherbergjum*

*varðandi neglur, meðferð þeirra og klippingu*

*hvað varðar starfsgrein þá er eftirlitið algengast  
meðal skrifstofufólks*

*varðandi rannsóknáætlun ESB RANNÍS*

*hvað varðar útsenda starfsmenn frá þriðja ríki*

*varðandi Austurbæjarbíó*

*hvað varðar vernd launafólks í gistilandinu*

*varðandi ósk um afslátt til starfsmanna*

*hvað varðar auðlindir*

*varðandi endurskoðun stjórnarskrárinnar*

*hvað varðar uppbyggingu þekkingar*

*varðandi það að nú væri eftir miklu meira að  
slægjast*

*hvað varðar það að þú finni vellíðan og innri*

*frið grípa um sig á hugskoti þínu*

*varðandi ungmennahús*

*hvað varðar drauminn um vin þinn er þetta að  
segja*

*varðandi vef notanda og skilgreining á*

*sambandi samningsaðila*

*hvað varðar auglýsingar sem beint er að  
börnum*

*varðandi öll málefni er tengjast*

*hvað varðar hreina fjölmiðlun*

*varðandi heilsufar foreldra hvolps og ættar*

*hvað varðar gerð framtíðar*

*varðandi hvern undirlið sem tengist*

hvað varðar örveruástand  
*varðandi þær tekjur*  
hvað varðar bönn og takmarkanir  
*varðandi loka/úrslitaatkvæði á fundum*  
hvað varðar framkvæmd reglugerðar um bann við  
    því að nota lífræn tinsambönd  
*varðandi hringastærð*  
hvað varðar börnin var varinn hafður á  
*varðandi stefnumótun í málefnum aldraðra*  
hvað varðar ýtrasta form  
*varðandi sorpförgun og drög*  
hvað varðar að eiga líf án barna  
*varðandi ummæli á annálnum*  
hvað varðar hina þættina þá færðu bara gjafir  
*varðandi innflutning hunda og katta til landa*  
hvað varðar aðra varasama eiginleika en  
    geislavirkni  
*varðandi verkpalla og farandvinnuvélar*  
hvað varðar ústreymi á NOx á sviði flutninga  
*varðandi framkvæmd EES-samningsins*  
hvað varðar ábyrgðartakmörkun vegna dauða,  
    líkamstjóns eða tjóns  
*varðandi mat á rennsli*  
hvað varðar einfaldleika við að útfæra  
*varðandi vélahluta og Vatnamælingar*  
hvað varðar endaparmsmök!!!!  
*varðandi kennaraverkfall*  
hvað varðar levótýroxín, þá er sannleikurinn sá að  
    lyfið var afskráð árið 2001

*varðandi Einar Benediktsson skáld*  
hvað varðar skammtíma- og langtímaáætlanir á  
sviði hvers kyns úrræða og ráðstafana  
*varðandi starfshóp til ráðgjafar nefnd*  
hvað varðar lýðræði  
*varðandi unnin störf þarf aðeins að geta um*  
*þau störf*  
hvað varðar hnjask við þökkun, röðun í lest,  
uppskipun og umstöflun  
*varðandi uppbyggingu fangelsanna*  
hvað varðar efni (fræðsluefni, skáldskap) og  
form (prentað, rafrænt)  
*varðandi Staðardagskrá 21 í fámennum*  
*sveitarfélögum*  
hvað varðar ákvarðanir til lengri tíma  
*varðandi upplýsingatækni, þjálfun sérfræðinga*  
hvað varðar messuhald  
*varðandi sýnina á heiminn og útskýringar á því*  
*hvernig hann virkar*  
hvað varðar námsmat á samræmdum prófum  
þá er það ekki klisja í mínum huga  
*varðandi meðhöndlun, þökkun og dreifingu*  
*neyslueggja*  
hvað varðar spurninguna þína í lokin  
*varðandi reiðnámskeið fyrir fatlaða hjá Þyrli*  
hvað varðar merkingu á ákveðnum matvælum  
sem innihalda glycyrrhizinic sýru og  
ammóníumsalt hennar  
*varðandi kjarasamning í Finnlandi*

hvað varðar sölu eða eftirtekt  
*varðandi kúfskel og atvinnusjúkdóma*  
hvað varðar GSM notkun í hinum dreifðu  
byggðum  
*varðandi staðlatitla á íslensku*  
hvað varðar jafnvægi mannréttinda og  
rannsóknarhagsmuna  
*varðandi lausn á boðunarkerfi*  
hvað varðar heilbrigði, öryggi og löghlýðni  
*varðandi félagslífið næsta vetur*  
hvað varðar Íslandsheimsókn  
*varðandi Stjörnubíósreit*  
hvað varðar gagnsemi þeirra fyrir þjóðfélagið í  
heild  
*varðandi áhuga og hæfileika sjálfboðaliða*  
hvað varðar hátt fjögur sem snertir leyfisveitingar  
til handa  
*varðandi viðhorfskannanir starfsmanna*  
hvað varðar agressjónina þá spyr ég hver er ekki  
reiður nútildags?  
*varðandi tekjulága elli*  
hvað varðar SRF gefa þeir út allar sínar bækur og  
efni á Daisy  
*varðandi krabbamein*  
hvað varðar þróunarlöndin  
*varðandi orsakir fyrir háu matvælaverði*  
hvað varðar hvata þá voru á sama hátt og áður  
settar fram staðhæfingar sem fólu í sér  
lykilatriði

*varðandi hvaða aðferðum sé best að beita  
gagnvart einstökum ógnum*

*hvað varðar Eldfellsgosið 1973*

*varðandi fjárveitingu vegna umsýslu*

*hvað varðar stöðu trúarbragða gagnvart*

*vísindum*

*varðandi túlkun á framkvæmd kjarasamnings  
um gæsluvaktir*

*hvað varðar veitingu áminninga og uppsagnir*

*varðandi málefni Guantanamo fanganna*

*hvað varðar vísindapekkingu og almenn*

*mannréttindi*

*varðandi notkun á rafmagnshálsólum fyrir  
hunda*

*hvað varðar jarðfræði, samspil jökla og jarðhita*

*varðandi kynbundið ofbeldi*

*hvað varðar tæknifrjóvganir fyrir lesbísk pör*

*varðandi tilskipun um vinnuhjú á Íslandi*

*hvað varðar smærri skjálfta*

*varðandi flutning fiskeldiskennslu*

*hvað varðar spurningu þína um trú eða trúleysi*

*fyrir þig, veldu það sem mundi vera þér*

*farsælla*

*varðandi nemendur með hegðunar- og*

*atferlisvanda*

*hvað varðar umhverfisvæn tækniatriði milli*

*landa*

*varðandi aðgengismál fyrir fatlaða notendur á*

*vefnum*



hvað varðar heimili og fjölskyldu  
*varðandi hávaða innandyra*  
hvað varðar afþreyingu og upplýsingagildi  
*varðandi hávaða utandyra*  
hvað varðar notk-un starfsmanna á  
persónuhlífum, án þess að það brjóti í bága  
við strangari og/eða sérhæfðari ákvæði  
*varðandi aðgang að upplýsingum ef Danmörk*  
hvað varðar endingu einstakra tegunda  
*varðandi verndun íslenskra búfjáarkynja*  
hvað varðar kjarasamningaviðræður eða hvað  
sem er  
*varðandi rýmingu úr íbúðarhúsum*  
hvað varðar framferði presta  
*varðandi mjúkar dýnur*  
hvað varðar guðhræðslu og góða siði  
*varðandi fjármálastöðugleika*  
hvað varðar sumarið þá lenda unglíngarnir  
einmitt í mestu vandræðunum yfir sumarið  
*varðandi félagslega ábyrgð fyrirtækja*  
hvað varðar fullyrðingar um að veittar hafi verið  
rangar upplýsingar  
*varðandi kynfæraáblástur*  
hvað varðar mótun persónulegra hæfileika og  
félagshæfni  
*varðandi túlkun á 4. gr. laga nr. 94/1996 um*  
*staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur*  
hvað varðar hlutfall rýrnunar sem á sér stað

*varðandi hugtökin stöðlun, staðall, íslenskur  
staðall og frumvarp að staðli*

hvað varðar þjófnaði viðskiptavina

*varðandi fundi á ári aldraðra*

hvað varðar umhverfismál eða framhjáhald

*varðandi meðferð við hegðunarerfiðleikum*

hvað varðar birtingu vísindagreina í virtum

tímaritum

*varðandi ófyrirséð forföll starfsmanna í*

*ræstingum*

hvað varðar neyslu vímuefna

*varðandi fiskveiðar, öflun kolvetna og*

*málmvinnslu*

hvað varðar landsbyggðarmenn sem búa nálægt

núverandi flugvöllum

*varðandi kyndinguna í skólanum var það bara*

*punktur*

hvað varðar hvort Reykvíkingar fari með flugvél

út á land

*varðandi menntakerfi (Concrete Future)*

hvað varðar þíkurnar á pallinum

*varðandi þörf námsmanna á námslánunum*

hvað varðar „mannfall og grimmd“

*varðandi frádrátt umframtekna*

hvað varðar fallþunga sláturlamba

*varðandi skotstefnuna*

hvað varðar júgur

*varðandi minn blóðflokk*

hvað varðar eðli hundsins

*varðandi skermun hjóla á eftirvagni*  
hvað varðar flytjendur er ávallt um einstaklinga  
að ræða  
*varðandi hugarfar, mataræði og þjálfun*  
hvað varðar egginn, þá er ofnæmisvaldurinn er í  
eggjahvítunni  
*varðandi ufsa*  
hvað varðar atferli og lífsskoðun  
*varðandi læknisfræðilegar vísindarannsóknir á*  
*mönnum*  
hvað varðar „möguleika“ og „sókn“ kvenna  
*varðandi sameiningarmál skíðasvæða*  
hvað varðar kvörðun er ég svo aldeilis hlessa  
*varðandi farsæld hvers einstaklings*  
hvað varðar okkur um mannréttindi annarra?  
*varðandi úrkomukort fyrir útreikninga á skúrum*  
hvað varðar ofbeldisbrotin  
*varðandi flugið yfir hafið*  
hvað varðar millistjórnendafræðsluna er ljóst að  
þar voru ýmsar væntingar  
*varðandi orkunotkun heimilistækja*  
hvað varðar stjórnendur er ekki verið að flagga  
þekktum nöfnum  
*varðandi friðhelgisréttindi milliríkjastofnana*  
hvað varðar eðli snjóflóða og virkni varnargarða  
gagnvart þeim  
*varðandi áhrifaþætti í endingu burðalaga og*  
*slitlaga*

hvað varðar framlag Íslands til þess að viðhalda  
friði í heiminum

*varðandi próftöku barnshafandi kvenna*

hvað varðar rökstuðning fyrir varakröfu fulltrúa  
sjómanna

*varðandi sauðfjárgrundvöllinn*

hvað varðar útskýringar á því af hverju íslensk  
tónlist er svo sérstök

*varðandi heimanám barna okkar*

hvað varðar tækni og umhyggju í  
umhverfismálum

*varðandi fræðslu og leiðbeiningar í lífrænni  
ræktun*

hvað varðar mína aðferð þá læt ég allt gossa á  
hvítt blað og leiðrétti ekkert

*varðandi útreikniaðferð á fyrningu*

hvað varðar skipan samfélagsins eða samskipti  
kynjanna

*varðandi hljóðmælingar telur gagnaðili*

hvað varðar árangur vinstristjórna í  
efnahagsmálum

*varðandi þátttökurétt eiginkonu manns er rekur  
teiknistofu með einum*

hvað varðar uppbyggingu á góðu sjálfsmati

*varðandi skolpið frá Mosfellsbæ*

hvað varðar félagsþroska

*varðandi skuld „Karelrybflots“*

hvað varðar förgun efna

*varðandi greiðslu eftirgefins vörugjalds*

hvað varðar örverufræðileg gæði íss úr vél  
*varðandi breikkun og lýsingu*  
hvað varðar urriðann  
*varðandi lengd og inntak*  
hvað varðar frammistöðu sína og aðrar áhyggjur  
*varðandi barnamenningu*  
hvað varðar klunnaskap og lúðahátt  
*varðandi börn og ungmenni fram að þessu*  
hvað varðar gotneska hönnun, góðan leik og  
gæðahrylling  
*varðandi óskafjölskylduna*  
hvað varðar notkun skjaldkirtilshormóna  
(Euthyrox) samfara Edronax  
*varðandi allar upplýsingar*  
hvað varðar fóðrun og húsaskjól  
*varðandi mismunandi tegundir innkaupa*  
varðar breytingar á íslensku fíkniefnalöggjöfinni  
*varðandi mannréttindabrot*  
hvað varðar koparnetið og þar með aðgang að  
heimtaug  
*varðandi innri aðlögun bandalagsins*  
hvað varðar offitu barna  
*varðandi Fæðingarorlofssjóð*  
hvað varðar eftirlit með örnum úr lofti  
*varðandi heimasíðu geðsviðs*  
hvað varðar útsaum og handverk yfirleitt  
*varðandi samanburð á milli ríkja*  
hvað varðar frádrátt frá eigin fé  
*varðandi alkalívirkni*

hvað varðar mannlegan skilning á alheiminum  
þá eru þetta mörkin

*varðandi skólaþróun*

hvað varðar magainnihald og mengun í innri  
líffærum

*varðandi þroskaferil frá kynþroska að elliárum*

hvað varðar dylgjur um að við höfum ekki þorað  
að koma fram undir nafni

*varðandi íþróttafatnað fyrir kennara í  
grunnskólum*

hvað varðar möguleika kvenna til áhrifa

(Gender Empowerment Measure, GEM)

*varðandi gerð og framkvæmd*

hvað varðar yfirlýsingu um uppruna varanna

*varðandi meðhöndlun úrgangs*

hvað varðar McCarthyismann þá var það víst  
ekki nærri eins ógnvænlegt

*varðandi hana í nokkrum erlendum bæklingum*

hvað varðar umönnun átröskunarsjúklinga

*varðandi tímaraðagreiningu er æskilegt að hafa  
upplýsingar*

hvað varðar framboð efnanna og eftirspurn eftir  
þeim

*varðandi línur utan um málsgreinar*

hvað varðar hreinlæti, matarúrval og aðra  
þjónustu, ég meina kommon

*varðandi öflun lögmansréttinda til að laða  
nemendur að*

hvað varðar misnotkun innan fjölskyldunnar

*varðandi kvennafríð*

hvað varðar hóphandleiðslu, einkahandleiðslu  
og kröfur um endurmenntun

*varðandi barn*

hvað varðar möguleikana á því að við verðum  
fyrir óþægindum frá þeim sem eru farnir af  
jörðinni

*varðandi líf mitt og tilgang þess*

## Naglasúpa V

Sneiðið blaðlaukinn!

Sneiðið síldina!

Sneiðið hin!

Sneiðið chilipiparinn!

Sneiðið eggaldinið!

Sneiðið Brie ostinn!

Sneiðið selleríið!

Sneiðið mozzarellaostinn!

Sneiðið þversum og langsum!

Sneiðið jöklasalatið!

Sneiðið pepperóníið!

Sneiðið hjá hverjum þeim bróður, er lifir  
óreglulega!

Sneiðið umfram allt hjá sérhverri þeirri ósiðlegu  
skáldsögu sem eittrar hjartað!



## Besta orðið mitt

Ég vaknaði!

Ég er einn, ég er dapur ...

Ég spring.

Ég hélt það.

Ég er illur.

Ég skil ekki.

Ég dett.

Ég flýg.

Ég flýg,

Ég flýg hærra.

Ég flýg.

Ég skil ekki.

Hvað er ég?

Það frétti ég!!

Hversvegna ég?

Er ég einhver?

Ég er fastur.

Hver er ég?

Ég er hrædd,

ég græt.

## Kennara með köldu blóði

Nemandi stóð og kynnti sig:

„Virðulegi skólameistari  
æruverðugu skólasystkin  
jafnvel kærustupör

Spennan vex  
fyrir sunnan fríkirkjuna  
þar sem stórar flugur

mæta með byssur og önnur drápstól í skólann

Hægri höndin  
komin með fyrstu beinagrindina  
til að leysa ágreiningsmál með

ófötluð klappaði hundum og hestum.

Satt að segja taldi ég  
tengsl stjúp barna

ótrúleg  
við allt

hið látna

og ljóð fórnarlambins

mæta með byssur og önnur drápstól í skólann  
í formi tómstunda og annarra slíkra hluta

(hvað er betra til stríðni en svona lagað?)

gamlingjar, unglingar og allt niður í 6 ára  
gömul börn  
verða að neita þeim um það  
jafnt í orði sem verki

Fyrst og fremst er byggt á  
umhugsun  
en ljóð fórnarlambins

geta nýtt sér stærðfræðileg  
hugtök og aðferðir við lausn verkefna  
og notað tákni og skýringarmyndir

byssur og önnur drápstól  
í formi annarra slíkra hluta

fá ekki að lækna

en geta útskýrt munnlega  
hugtök og aðferðir  
ef ljóð fórnarlambins ekki  
fyrirfara sér eða gera tilraun til þess  
fjarri góðu gamni

Tilfinningin er ljúfsár.

móðir hans og önnur  
börn nágranna

að mála andlit með þökk, virðingu og söknuði  
með hærri skotvopnamorðtíðni  
til að dreifa athyglinni

Nei, æruverðugu skólasystkin  
virðulegi skólameistari  
jafnvel kærustupör

spennan  
fyrir sunnan fríkirkjuna

er fullnægjandi.“

## Naglasúpa VI

Skerið Gullostinn!  
Skerið krossinn!  
Skerið grillkjötið!  
Skerið fasanann!  
Skerið blómkálið!  
Skerið fennikuna!  
Skerið bringurnar!  
Skerið appelsínuna!  
Skerið skorpuna!  
Skerið toppinn!  
Skerið stilkana!  
Skerið piparinn!  
Skerið papayaávéxtina!  
Skerið ástríðuávéxtina!  
Skerið þá, slátrið og stingið!  
Skerið sítrónuna!  
Skerið í litla bita!  
Skerið í báta!  
Skerið í teninga!

Skerið í helminga!  
Skerið korianderlaufin!  
Skerið sólþurrkuðu tómata!  
Skerið þorskhnakkana!  
Skerið svínalundina!  
Skerið kirsuberjatómatana!  
Skerið humarinn!  
Skerið ætíþistlana!  
Skerið túnfiskinn!  
Skerið upp jarðargróður yðar!  
Skerið ísinn!  
Skerið ykkur!  
Skerið strætóa í tvennt!  
Skerið upp herör með hroka!  
Skerið blómstönglana!  
Skerið beyglurnar!  
Skerið pastað!  
Skerið þér nú sauði þá, er þér viljið!  
Skerið kinnarnar frá hausbeininu!

## **Heidi** (fyrir Manga)

Og keðjum  
og fjarðarbarn  
og skjöldur  
og þjóðin öll og öll og tröll  
og namminamm og namminamm og  
    jamminamm  
og klukkuspil  
og æpum:

sígaunum og gyðingum og  
eskimóum og þjófum

og klukkuspil

## Eftirmáli: Lausnir

I

Hvar á ég að byrja? Haustið er búið að vera erfitt. Haukur Már benti mér nýlega á að október er grimmastur mánaði. Haukur hefur þetta fyrir satt, ég hugsa hann hafi meira að segja fengið þetta staðfest í öllum helstu þjóðlöndum meginlands Evrópu.

Í október fékk ég matareitrun (göróttur kjúkl-ingaborgari). Í október fékk ég influensu og í október fékk ég legusár. Auk veikinda fylgdi október sérstök tegund af viðbjóði sem ég kann ekki að nefna nánar, óljósum viðbjóði. Eldur og brennisteinn. Stundum fannst mér eins og ég svitnaði galli. Ég kastaði upp í fyrsta skipti í mörg ár; fylltist viðbjóði og ældi á gólfið.

Það er síðasti dagur októbermánaðar og liðið vel á kvöldið. Það er kalt úti, og dimmt en á næstu dögum á að hlýna. Hafi Haukur Már rétt fyrir sér lýkur þessu öllu eftir tvær klukkustundir, tæpar. Sjálfsgagt er óhætt að byrja að hætta að hafa áhyggjur. Ef ég loka svefnherbergisdyrunum – já ég vinn stundum í svefnherberginu, kominn með leiða á skrifstofunni, ligg í öllum fötunum undir sæng með tölvuna í fanginu, rúmið er þakið ljóðabókum og dagblaðaúrklippum en það er full hvítt og bjart hérna inni til þess að þetta sé



skáldlegt, þar að auki er kveikt á sjónvarpinu (CSI) – já ef ég sem sagt loka svefnherbergisdyr- unum og dreg fyrir gluggann, aftengist internet- inu og slekk á símanum er mér kannski óhætt út mánuðinn. Þessar tvær klukkustundir.

Ástæðan fyrir svefnherbergisvistinni er reynd- ar ekki bara sú að ég sé kominn með leiða á skrifstofunni. Gólfið hallar frá skrifborðinu mínu svo ég þarf sífellt að spyrna fótunum við til að ýta skrifstofustólnum nær lyklaborðinu til að ég geti komið einhverju í verk og það verður fljótt þreytandi auk þess sem ég fæ í bakið af stól- um.

Nú geymir skrifborðið mitt eingöngu rífrildi af reikningum sem ég hef ekki efni á að borga.

En hvað er þessi texti að gera hérna og hvers vegna er hann ekki skáldlegri? „Hlutverk skálds- ins er að berjast gegn skrauthvörfum“ sagði Ken- neth Goldsmith í viðtali við Charles Bernstein. Einkunnarorð bókarinnar *Soliloquy* eftir sama mann eru: „Ef hvert orð sem mælt er daglega af vörum í New York myndi einhvernveginn breytast í snjókorn þá væri alltaf hríðarbylur.“ Tungumál- ið er alltaf allsstaðar og það er alltaf ljótt. Áferð- arfallett tungumál er einfaldlega bull.

En já, tungumálið, allsstaðar. Að lifa er eins og að standa í hríðarbyl af orðum. Orð eru skrifuð á alla skapaða hluti. Þau glymja alls staðar. Berg- mála á milli veggja. Heimurinn sýgur þau í sig, kallar á þau, snýr út úr þeim, mismælir þau,

endurtekur þau, stamar þeim, skrifar þau, ljós-  
ritar þau, fjölfaldar þau og heimtar stöðugt ný.  
Þegar við lokum að okkur suðar í eyrum okkar  
eins og skemmdum hljóðhimnum, hugsanir okk-  
ar eru nær eingöngu í orðum þó sum okkar vilji  
ljúga öðru að sjálfum sér.

„Hvað er það fyrsta sem þér dettur í hug?“

„Hvað svo?“

„Og síðan?“

„En núna?“

Tilvist okkar stefnir eilíflega að því að svara þess-  
ari spurningu aftur og aftur, í milljón dulargerv-  
um og útfærslum, við allar hugsanlegar aðstæð-  
ur. Einu skiptin sem við svo fáum nokkra hvíld  
frá eigin orðum er þegar okkur tekst að troða  
heilann svo fullan af orðum *annarra* og hugsun-  
um, textum í lögum og tónum í lögum og suðinu  
í sjónvarpinu, málæði dagblaða, skáldsagna,  
fræðigreina og já ljóða meira að segja í einstaka  
tilfelli, blaðrinu í félögum okkar, hjali ástvina og  
grenjum fjandmanna, auglýsingaslagorðum á  
auglýsingaplakötum, bókarkjölum, úrum, mynd-  
um, hlutum, tilfinningum, hvíslandi veggjum og  
æpandi grjótum – allt eru þetta orð – við tengj-  
um ALLT í veröldinni við orð. Meira að segja  
þögnina, auðnina, hið eilífa ekkert. Fátt hefur  
kafið manninn jafn margra orða og þögnin.

Fyrir skemmstu var ég staddur á lögreglustöð.  
Vakstjórinn skildi mig eftir inni á skrifstofu með-

an hann fór að sinna sínum aðkallandi lögreglu-erindum. Á borðinu voru haugar af umsóknum um skotvopnaleyfi. Ég var einn þarna inni í um 20 mínútur og eftir um fimm var ég farinn að skjálfa. Ég er orðinn svo vanur því að taka upp það lesefni sem hendi er næst – þegar ég er ekki beinlínis upptekinn við að sinna öðrum orðum – að ég ræð ekki lengur við mig. En maður vill ekki láta grípa sig við að róta í opinberum skjölum bláedrú inni á lögreglustöð um miðjan dag. Eftir tuttugu mínútur var ég löðrandi í svita og slímið skreið upp kokið á mér, tungan í mér var þurr og þrútin. Ég þoli orðleysi þegar ég á von á því, þegar ég hef búið mig undir að sofna eða einbeiti mér að róandinni. En ekki óforvarendis, ekki upp úr þurru. Ekki svona.

Ljóð þurfa ekki að vera ómpýð, þau geta allt eins verið ómstríð og tónskrattandi þversagnarkennd og kakófónísk. Ég er jafnvel tilbúinn til að segja að þau eigi frekar að vera það. „Hlutverk skáldsins er að berjast gegn skrauthvörfum.“ Rétt eins og önnur orð í heiminum krefjast hin ljóðandi orð þess að maður glápi svolítið á þau áður en þau berhátta sig – og berhátta sig kannski aldrei, kannski fáum við bara rétt að sjá glitta framan í þau. Enni. Haka. Eyrna-snepill. Úlnliður og hnésbót. Og við glápum samt, bíðum þess að orðin sökkvi eða stökkvi eins og Magic Eye(tm) þrívíddarmyndirnar. Eða skimlesum í leit að lykilorðum (hver er eiginlega Karelrybflot? Ginsenósíð? Það er alveg

sama um hvað ræðir, 820 milljarðar er of mik-  
ið af því).

## II

Ég skrifaði ekki eitt einasta orð í þessari bók. Nei, það eru ýkjur. Ég skrifaði einkunnarorðin (ská-  
letraða textann fremst í bókinni) Og Heidi skrifaði  
ég svona næstum því. En byrjum á byrjuninni,  
byrjum þar sem þessi texti hefði getað byrjað ef  
tungumálið væri ekki að þvælast fyrir mér.

Öll ljóðin í þessari bók eru blöndur, tilbrigði, fyr-  
irbæri, bastarðar. Þau eru öll útgáfur af öðrum  
textum sem eru til annars staðar. Eitt ljóðið er  
sett saman úr 410 mismunandi textum. Annað  
er sett saman úr einum texta. Ekkert þeirra er  
sett saman af tilviljun einni saman, eða tölvu,  
heldur er þeim raðað saman af sæmilega röklega  
þenkjandi mannskepnu í einhverslags misrök-  
legar og misfagurfræðilegar blokkir af merkingu.  
Textaeyningarnar eru misstórar og aðferðirnar við  
að raða þeim saman eru ekki ósvipaðar og að-  
ferðir þær sem önnur ljóðskáld nota, hvernig þau  
velja orð úr hugskoti sínu og hamra saman ljóð.  
Í báðum tilfellum koma iðulega bæði tölvur og  
tilviljanir við sögu.

*Mangi leit ekki við mér en greip bók eins og  
af handahófi og sendi hana yfir sviðið. Hún  
hringsnerist á rykugu gólfinu með miklum*

*hvin uns hún staðnæmdist og ég tók hana upp. Þetta var Íslensk orðabók í ritstjórn Árna Böðvarssonar. Svo leit Mangi upp í ljósið frá myndvarpanum og mælti af spám-annlegum þunga:*

*„Það er nú lítið mál að vera ljóðskáld, maður tekur bara orðabók og raðar upp úr henni orðum og kallar ljóð.“*

Úr *Fornum Skuggum I* eftir Hauk Ingvarsson.

Fyrst skilgreinir maður hvern einasta hluta orðs/setningar sem mögulega byggingareiningu, og síðan smættar maður orðheiminn niður úr heilli orðabók/heilum veruleika í eitt orð til 40–50 blaðsíður. Þá skimles maður og rýnir, glápir og starir á afmarkaðan orðheiminn, grípur það sem grípur mann og byrjar að byggja. Útkoman er dálítið ankannaleg, og jafnvel enn frekar þegar maður byrjar að grýta henni í vini sína. Þetta hljómar einhvernvegin ekki alveg eins og heimurinn sem við þekkjum. Samt hefur þetta allt verið sagt áður. Allar byggingareiningarnar voru til fyrir fram. Meira að segja aðferðirnar eru fjörgamlar. Þetta er dálítið eins og að byggja spýtnakofa úr viðarafgöngum, pappa-massa, beygluðum nöglum, einangrunarplasti og gömlum júrópallettum. Ég segi ekki að þetta séu fyrirmyndar vinnubrögð, en við erum ekki að eltast við fegurðina, leitum ekki út úr tóminu heldur inn í það. Það er eitthvað þarna ofan í.

Hér er enginn að finna upp hjólið. Orðin hafa verið til áður. Það eina sem er nýtt er sjónarhornið. Það sést ekki í allan heiminn sem þau tilheyrðu, þess í stað eru þau borin upp að nýjum fjöllum, nýjum himni og nýjum heimi. Eins og ljóskastarar á skuggamyndir. Rýndu betur. Myndin er þarna. Á bakvið ljósið. Þú hefur lesið þennan texta áður.



